



ATHUGASEMDIR VIÐ TILLÖGU AÐ STARFSLEYFI FYRIR FISKIMJÖLSVERKSMIÐJU HB GRANDA Á VOPNAFIRÐI OG VIÐBRÖGÐ UMHVERFISSTOFNUNAR

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir fiskimjölverksmiðju HB Granda á Vopnafirði á tímabilinu 7. janúar til 4. mars 2010.

Tilkynningar um tillögu að starfsleyfi voru sendar til HB Granda, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Vopnafjarðarhrepps og Skipulagsstofnunar. Umhverfisstofnun hélt einnig opinn borgarafund í Miklagarði, félagsheimili Vopnafjarðar, þar sem ferill við gerð starfsleyfa var kynntur ásamt tillögunni sjálfri.

Athugasemd barst frá Skipulagsstofnun. Umhverfisstofnun hafði áður en auglýsingatímabilið hófst móttakið ábendingar frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands.

Svör við athugasemdum og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim:

1. Skipulagsstofnun kom ábendingu á framfæri um að það kynni að vera til bóta að setja takmarkanir á hráefnisbirgðir. Bent var á þann möguleika til dæmis að heimila geymslu í hráefnistönkum í 2-3 daga á vetrarvertíð og allt að einn dag á sumaraflla.
 - Umhverfisstofnun telur þessa ábendingu ekki taka nægilegt tillit til þess hve útgerð og mjölbræðsla er í eðli sínu sveiflukenndur rekstur og meðal annars háð aflabrögðum og veðri.
2. Heilbrigðiseftirlit Austurlands taldi að staðsetning verksmiðjunnar gæfi mögulega tilefni til að lækka hámark reikulla basa, TVN-gildi, eins og starfsleyfistillagan getur um í grein 2.2, úr 120 mg N/100 g og eitthvað niður. Bent var á fordæmi í starfsleyfi HB Granda í Örfirisey fyrir 90 mg N/100 g hámarki.
 - Vegna þessa kom HB Grandi því á framfæri að rekstur fiskimjölverksmiðju á Vopnafirði sé ólíkur rekstrinum sem var í Reykjavík. Ætlunin sé að þorri aflans til Vopnafjarðar verði til mannelis en fiskimjölverksmiðjan muni að mestu vinna afskurð úr frystihúsi. Afköst fiskimjölverksmiðjunnar í Reykjavík voru um 400 tonn á sólarhring og hefði það því tekið hana 5 sólarhringa að vinna úr fullfermi Ingunnar AK (sem er skip sem rekstraraðili gerir út). Öll bygging verksmiðjunnar og búnaður sé hannaður og smíðaður með það fyrir augum að koma í veg fyrir lyktarmengun eins og frekast er unnt. Eftir sem áður kappkosti rekstraraðili að sá afli sem skipin koma með að landi sé sem ferskastur og er áhöfnum skipanna



borgað að hluta til eftir því hvert hitastig í farminum er og eins eftir því hve TVN gildið er lágt.

- Umhverfisstofnun telur að rekstraraðili hafi komið upp innbyggðum fjárhagslegum hvata til að halda TVN-gildinu niðri sem leggst á eitt með kröfum Umhverfisstofnunar.
- Með því að viðhafa góðar lyktarvarnir að auki er ástæða til að ætla að lyktarmengun frá verksmiðjunni verði í lágmarki.
- Stofnunin hefur ákveðið að halda þeim mörkum óbreyttum sem komu fram í auglýsingunni þar sem ekki séu nægileg rök fyrir því að lækka þau.

3. Heilbrigðiseftirlit Austurlands kom einnig á framfæri því sjónarmiði að betra sé að TVN sé mælt að lágmarki tvisvar á sólarhring. Þetta varðar sem sagt annan punktinn í grein 3.2 í tillögunni, að mæla tvisvar á sólarhring að lágmarki í stað einu sinni á dag.

- Umhverfisstofnun telur þetta of umfangsmikla kröfu til að gera að lágmarksskilyrði.
- Eftir sem áður getur eftirlitsaðili breytt fjölda mælinga samkvæmt grein 4.8 og því gert kröfu af þessu tagi og/eða annars konar kröfur um fjölgun mælinga, telji hann ástæðu til.

